

FORMLEGT GÆÐAKERFI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Samantekt úr greinargerð

um reglulegt mat

Heilbrigðisvísindasvið febrúar 2026

Formáli

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úr reglulegu mati Heilbrigðisvísindasviðs eins og þeim er lýst í greinargerð um reglulegt mat í febrúar 2026. Reglulegt mat er hluti af innra gæðamati Háskóla Íslands og er gert í samræmi við skilgreint verklag í gæðakerfi HÍ. Matið byggir á samantekt á fyrra gæðamati innan sviðsins, greinargerðum deilda um símat, vottunargögnum, tölulegum gögnum um starfsemina og samráði við stjórnendur, nefndir og nemendur.

Skýrsluhöfundar:

Unnur Anna Valdimarsdóttir, sviðsforseti
Sigurbjörg Björnsdóttir, verkefnastjóri

Þátttakendur:

Lykilaðilar sviðsskrifstofu: rekstrarstjóri, kennslustjóri, rannsóknarstjóri og mannauðsstjóri
Stjórn Heilbrigðisvísindasviðs
Kennslunefnd HVS
Vísindanefnd HVS
Samráðsnefnd HÍ og Landspítala
Nemendaráð HVS

Samantektin er birt á vefsíðu Háskólans í þeim tilgangi að upplýsa hagaðila um hvernig gæði náms, kennslu og rannsókna eru tryggð innan fræðasviðsins.

Inngangur

Við matið var lögð áhersla á að greina góða starfshætti, finna tækifæri til umbóta, greina nauðsynlegar úrbætur og tryggja markvissa eftirfylgni niðurstaðna. Í greinargerðinni er því lýst hvernig gæði hafa verið tryggð og þróuð á fræðasviðinu og greint frá ígrundun um hvort þörf sé á breyttu verklagi.

Innra gæðastarf

Gæðastarf tímabilsins hefur m.a. leitt af sér skýrslu um stjórnun rannsókna, sjálfsmatsskýrslur deilda, greinargerðir um símat deilda, skýrslu vegna alþjóðlegrar vottunar læknanáms og aðgerðir tengdar hverju þessara verkefna. Í greinargerðinni kemur fram að mat af þessu tagi hafi fyrst og fremst skapað betri yfirsýn yfir starfsemi sviðsins, en jafnframt sýnt að utanumhald og eftirfylgni með aðgerðum hafi ekki alltaf verið nægilega formfest.

Helstu niðurstöður

Heilbrigðisvísindasvið menntar stærstan hluta heilbrigðisstarfsfólks á Íslandi og er að jafnaði næst fjölmennasta fræðasvið Háskólans. Brautskráningar hafa verið á áttunda hundraði síðustu ár, þó með nokkrum samdrætti, og meirihluti nemenda lýkur námi á settum tíma eða með hóflegri töf. Á sviðinu eru fjölmargar námsleiðir, einkum á meistarastigi, og þar liggja einnig tækifæri til samþættingar og samkennslu.

Rannsóknarstarfsemi sviðsins er öflug, með miklum fjölda birtinga, háu hlutfalli alþjóðlegs samstarfs og verulegu sjálfaflafé í formi rannsóknarstyrkja. Um leið sýna gögn og umræða í greinargerðinni að starfsmannahald sviðsins er flókið, fjöldi starfa er í lágu starfshlutfalli og streita og álag meðal starfsfólks, sérstaklega akademískra kvenna, mælist umtalsvert.

Helstu áskoranir snúa að því að formgera og kerfisbinda gæðastarf betur, bæta yfirsýn yfir gæði kennslu og námsmats, samræma betur skipulag náms og kennslu og styðja markvissar við rannsóknainnviði, styrkjasókn og samvinnu við klínískar samstarfsstofnanir.

Góðir starfshættir

Eftirfarandi starfsvenjur sem varpað var ljósi á í matinu er vert að nýta hjá fleiri starfseiningum innan fræðasviðsins og miðla bestu starfsvenjum:

- » Mikil rannsóknavirkni og öflugt alþjóðlegt vísindasamstarf.
- » Sýnilegur metnaður í kennslu, með skýrum dæmum um kennsluþróun, nýnæmi í klínískri kennslu og vinnu við mat á gæðum kennslu.
- » Alþjóðleg vottun námsleiða í ferli, sem styrkir gæðavitund og ytri rýni.

Tækifæri til umbóta

Eftirfarandi tækifæri til umbóta innan fræðasviðsins komu í ljós við matið og er vert að nýta eða kanna betur:

- » Auka samþættingu í kennslu námsleiða og samkennslu námsleiða þvert á deildir sviðsins.
- » Efla samvinnu við Landspítala og aðrar stofnanir í vísindastarfi, m.a. um sameiginlega rannsóknainnviði, erlend verkefni og miðlun vísinda.
- » Bæta skipulag náms og kennslu með því að kortleggja betur ástæður þess að nemendur upplifa skipulag ábótavant og hvernig sviðið getur stutt deildir.
- » Auka yfirsýn yfir kennsluhætti, þróa leiðir til að meta gæði kennslu og styðja betur við kennsluþróun.
- » Kortleggja ástæður þess að nemendur upplifa mikið vinnuálag og skoða hvort og hvernig sviðið geti brugðist við.

Atriði sem þarfnast úrbóta

Eftirfarandi eru þær úrbætur sem mikilvægast er að ráðast í á fræðasviðinu:

- » Endurskoða námskeið og námsleiðir, sérstaklega í framhaldsnámi, út frá faglegum forsendum, fjárhagslegri sjálfbærni og þörfum samfélagsins.
- » Endurskoða og bæta kennslukannanir svo þær endurspegli betur sérstöðu klínískrar og verklegrar kennslu og nýtist betur til umbóta.
- » Formgera og kerfisbinda gæðastarf sviðsins, með skýrari ferlum um eftirfylgni, gæði kennslu og gæði námsmats.
- » Halda áfram samtali um fjármögnun sviðsins þannig að hún taki betur mið af raunkostnaði klíníks náms og kennslu.

Aðgerðir og áætlun um innra gæðamat

Í aðgerðaáætlun 2026–2029 er lögð áhersla á að kortleggja tækifæri til samþættingar og samkennslu, greina hlutföll nemenda og kennara, styrkja rannsóknastoðþjónustu, bæta skipulag náms og kennslu og halda áfram innleiðingu formlegra gæðaferla. Áætlunin er tímasett og tengd ábyrgð stjórnenda og eininga innan sviðsins.

Eftirfylgni og ábyrgð

Sviðsforseti, í samráði við stjórnendur sviðs, nefndir og forsvarsfólk deilda og samstarfseininga, ber ábyrgð á reglubundinni eftirfylgni með aðgerðum og áætlun um innra gæðamat á tímabilinu 2026–2029.